

Skólaráð

18. nóvember 2022

Mættir: Sigrún Erla Ólafsdóttir deildarstjóri, Sigrún Bjarnadóttir skólastjóri, Elísabet Stefánsdóttir grenndarfulltrúi, Malla Rós Valgerðardóttir námsráðgjafi Hjalla, Embla Ísól Ívarsdóttir nemandi í 9.bekk, Tómas Eggertsson nemandi í 10.bekk, Sigríður Hrund Guðmundsdóttir foreldrafulltrúi, Guðrún Emilía Kolbeinsdóttir foreldrafulltrúi, Ágústa M. Jónsdóttir ritari
Fjarverandi: Daðey Arnborg Sigþórsdóttir kennari í Digranesi

1. Mat á skólastarfi. Umræðu frestað þangað til í desember.
2. Lesfimi. Farið yfir niðurstöður skólans í lesfimi í haust. Rætt um lesfimiþróf almennt. Foreldrafulltrúar greina frá því að það hafi verið grátið á mörgum heimilum þegar þau fengu úr lestrarprófinu og foreldrar gera athugasemd við viðmiðin frá MMS. Hefur verið mikill árangur í kjölfar breyttra áhersla í lestrarkennslu, innleiðing á PALS o.fl.
3. UNICEF skóli. SB segir frá því að Álfhólsskóli er farinn af stað í það verkefni að verða réttindaskóli UNICEF. Skólastjóri, forstöðumaður frístundar og forstöðumaður félagsmiðstöðvar fóru á fyrstu vinnustofuna nýverið. Markmið verkefnins er einna helst að nemendur hafi rödd og áhrif á skólastarfið. Sjá nánar um verkefnið hér: <https://www.unicef.is/>. Farið yfir innleiðingarferlið.
4. Símanotkun ungmenna. Unglingarnir eru að taka myndir af öðrum, nemendum og starfsfólki, í leyfisleysi og senda sín á milli og/eða birta á samskiptamiðlum. Þetta skapar vanlíðan og óöryggi hjá nemendum og starfsfólki. Nemendaráðið vill að skólinn geri skýrar afleiðingar varðandi myndatökur. Foreldrafulltrúar ræða hugmyndina um símalausan skóla. Nemendafulltrúar eru mjög mótfallnir því, vilja ekki refska heildinni fyrir hegðun einstakra aðila. Nemendur leggja til að ef nemandi er uppvís af því að taka og dreifa myndum í leyfisleysi fái hann ekki að vera með símann í einhvern tíma, hann skili honum til ritara að morgni og sæki í lok dags. Gera þarf breytingar á skólareglum - viðurlögum. Ný viðurlög þarf svo að bera undir skólaráð.
5. Matur. Nemendafulltrúar hafa áhyggjur af því að maturinn er stundum að klárast og telja að þá séu nemendur sem eru ekki í mat séu að borða. Kom upp hugmynd frá þeim um að búa til matarkort fyrir nemendur. Skólinn ætlar að framkvæma þessa hugmynd þeirra. Einnig rætt að kokkurinn komi á nemendaráðsfund á mið- og unglingastigi.
6. Jafningjafræðsla. Nemendafulltrúar ætla einnig að vera með jafningjafræðslu í 6. og 7.bekk um mikilvægi þess að segja frá og fleira, m.a. til að vinna gegn því að nemendur séu teknir fyrir fyrir að vera "snitch".
7. Samstarf heimilis og skóla. Foreldrar eru ekki að lesa póstinn frá skólanum. Þarf að auglýsa á öðrum vettvöngum, t.d. í facebookhópum? Það er að koma fyrir að foreldrar fái ekki póst sem er sendur í gegnum Mentor.
8. Önnur mál.
 - a. Jólaföndur 3.desember. 9.bekkur verður með fjáröflun. Foreldrafélagið leggur út fyrir kostnaði, svo er veitingasala og nemendur fá ágóðann.
 - b. Bekkjarkvöld. Kennarar verið hvattir til að skipuleggja bekkjarkvöld. Skólinn ýtir við kennurum.

- c. Upplýst um að stjórn foreldrafélagsins tók ákvörðun um að hækka styrkinn sem hver bekkur fær til að halda bekkjarkvöld, tvöfalda hann, 10.000kr á hverja umsjónarstofu á hvorri önn. Ef árgangurinn gerir eitthvað saman eru þetta 20-30þúsund. Skilyrði til að fá peninginn eru að tveir foreldrar séu fulltrúar í hverjum bekk sem eru tengiliðir sem halda utan um þennan styrk.